

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 35

5. árgangur

3. 9. 1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

98/EES/35/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 159/98/COL frá 25. júní 1998 um breytingu á ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 71/94/COL frá 27. júní 1994 um stöðu Noregs að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
98/EES/35/02	Ráðgefandi álit dómstólsins frá 12. júní 1998 í máli E-8/97 (Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett): TV 1000 Sverige AB gegn norsku ríkisstjórninni, en í fyrirvari er konunglega menningarmálaráðuneytið	3
98/EES/35/03	Dómur dómstólsins frá 19. júní 1998 í máli E-10/97: Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi	4
98/EES/35/04	Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 17. apríl 1998 í máli Samtaka verslunarinnar – Félags íslenskra stórkaupmanna gegn íslenska ríkinu og Lyfjaverðsnefnd	5

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/35/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1306 – Berkshire Hathaway/General Re)	6
98/EES/35/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1221 – Rewe/Meinl)	7
98/EES/35/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1262 – Cebeco/Plukon)	8
98/EES/35/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1292 – Continental/ITT)	8
98/EES/35/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1121 – Alcatel/Thomson SA – Thomson CSF)	9
98/EES/35/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1139 – DLJ/FM Holdings)	9
98/EES/35/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1185 – Alcatel/Thomson CSF – SCS)	10

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA NR. 159/98/COL 98/EES/35/01

frá 25. júní 1998

um breytingu á ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 71/94/COL frá 27. júní 1994 um stöðu Noregs að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 5. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um kröfur um dýraheilbrigði við markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða (tilskipun ráðsins 91/67/EBE), einkum 5. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og e-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 71/94/COL⁽¹⁾ frá 27. júní 1994 fékk Noregur stöðu sem viðurkennt meginlandssvæði og strandsvæði fyrir fisk að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN) og veirublóðeitrun (VHS) og með ákvörðun nr. 220/96/COL⁽²⁾ var myndað óviðurkennt varnarsvæði gagnvart Rússlandi.

Hinn 13. febrúar 1998 var VHS-tilfelli staðfest í Sygna- og Firðafylki í Noregi.

Norsk yfirvöld hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til uppræta sjúkdóminn og koma í veg fyrir útbreiðslu hans.

Í samræmi við gerðina sem vísað er til í 5. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um kröfur um dýraheilbrigði við markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða (tilskipun ráðsins 91/67/EBE) verður að afturkalla viðurkenninguna á stöðu Noregs.

Þó má áfram líta á stóran hluta Noregs sem viðurkennt svæði.

Nauðsynlegt er að allar þessar aðgerðir fari fram samtímis.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýraheilbrigði sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

⁽¹⁾ Stjútö. EB nr. L 247 frá 22. 9. 1994, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjútö. EB nr. 35 frá 22. 9. 1994, bls. 10.

⁽²⁾ Stjútö. EB nr. L 78 frá 20. 3. 1997, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjútö. EB nr. 12 frá 20. 3. 1997, bls. 7.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 71/94/COL frá 27. júní 1994 um stöðu Noregs að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun nr. 220/96/COL, er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Litið er svo á að þeir hlutar Noregs sem nefndir eru í viðaukanum hafi stöðu sem viðurkennt meginlandssvæði og sem viðurkennt strandsvæði fyrir fisk að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun.“

2. Eftirfarandi viðauki bætist við:

„Viðauki

IHN

Noregur, að undanskildum norska hluta vatnasvæðisins Grense Jakobselv og Pasvikelven og ánnar þar á milli, ásamt tilheyrandi strandsvæði.

VHS

Noregur, að undanskildum norska hluta vatnasvæðisins Grense Jakobselv og Pasvikelven og ánnar þar á milli, ásamt tilheyrandi strandsvæði, og vatnasvæðinu við Rødeggevannet og Rødeggevassdraget að ármynninu.“

2. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.
3. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 25. júní 1998

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Hannes Hafstein
stjórnarmaður

Hákan Berglin
deildarstjóri.

EFTA-DÓMSTÓLLINN

RÁÐGEFANDI ÁLIT DÓMSTÓLSINS

98/EES/35/02

frá 12. júní 1998

Í máli E-8/97 (Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett): TV 1000 Sverige AB gegn norsku ríkisstjórninni, en í fyrirsvari er konunglega menningarmálaráðuneytið⁽¹⁾

(Tilskipun ráðsins 89/552/EBE – sjónvarpssendingar yfir landamæri - klám)

(Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins er álitid jafngilt frumgagn á ensku og norsku)

Í máli E-8/97: Beiðni um ráðgefandi álit dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá Oslo byrett (héraðsdómurinn í Ósló), Noregi, í máli fyrir þeim dómstól milli TV 1000 Sverige AB og norsku ríkisstjórnarinnar, en í fyrirsvari er konunglega menningarmálaráðuneytið, um túlkun á tilskipun ráðsins 89/552/EBE, hefur dómstóllinn skipaður: Björn Haug, forseta og dómurunum Þór Vilhjálmssyni (framsögumanni) og Carl Baudenbacher; og dómritari Asle Aarbakke, aðstoðarmaður dómara, kveðið upp ráðgefandi álit, dags. 12. júní 1998, og fer niðurstaða þess hér á eftir:

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/552/EBE er landsyfirvöldum í móttökurkinu í sjálfsvald sett, í samræmi við ríkjandi gildismat í landinu og landsrétt, að ákveða hvaða dagskrárefni kann að hafa alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna í skilningi fyrsta málsliðar 1. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar.

Undanþágan í öðrum málslið 1. mgr. 22. gr. tekur ekki til dagskrárefnis „sem kann að hafa alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna“ sem fjallað er um í fyrsta málslið 1. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar.

Uppfylla verður öll skilyrðin sem talin eru upp í a- til d- lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar til að móttökurkið geti takmarkað endurvarp, að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar, og að ákvörðunin sé tekin til skoðunar af framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA eftir því sem við á.

Viðmiðin í a- og b-lið 2. mgr. 2. gr. eru ólík að því leyti að a-liður miðar við það hversu alvarlegt brotið er en b-liður kveður á um að rétturinn til að stöðva tímabundið endurvarp eigi við þegar efni sem brýtur í bága við 22. gr., eins og kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 2. gr., hefur þrívægis verið sjónvarpað á tólfmánaða tímabili.

(¹) Stjútíð. EB nr. C 20 frá 22. 1. 1998, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 3 frá 22. 1. 1998, bls. 3.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**98/EES/35/03****frá 19. júní 1998****Í máli E-10/97: Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi**

(vanefnd samningsaðila á skuldbindingum sínum - heilsuvernd starfsmanna er verða fyrir áhrifum af vinyklóríðeinliðu - tilskipun ráðsins 78/610/EBE)

Í máli E-10/97: Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi - beiðni um yfirlýsingu frá dómstólnum um að konungsríkið Noregur, með því að hafa ekki tekið upp, innan tilskilins frests, nauðsynleg ákvæði í landslög til að fara að gerðinni sem vísað er til í 2. lið XVIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. tilskipun ráðsins 78/610/EBE frá 29. júní 1978 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um heilsuvernd starfsmanna er verða fyrir áhrifum af vinyklóríðeinliðu, eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn, hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 11. gr. gerðarinnar og 7. gr. EES-samningsins, hefur dómstóllinn skipaður: Björn Haug, forseta og dómurum Þór Vilhjálmssyni og Carl Baudenbacher (framsögumanni) kveðið upp dóm, dags. 19. júní 1998, og fer dómsorðið hér á eftir:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að konungsríkið Noregur hafi, með því að hafa ekki tekið upp innan tilskilins frests nauðsynleg ákvæði í landslög til að fara að gerðinni sem vísað er til í 2. lið XVIII. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 78/610/EBE frá 29. júní 1978 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um heilsuvernd starfsmanna er verða fyrir áhrifum af vinyklóríðeinliðu), eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 11. gr. þessarar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Konungsríkinu Noregi er gert að greiða málskostnað.

98/EES/35/04

**Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Héraðsdómi
Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 17. apríl 1998
í máli Samtaka verslunarinnar – Félags íslenskra stórkaupmanna
gegn íslenska ríkinu og Lyfjaverðsnefnd**

(Mál E-2/98)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur, frá 17. apríl 1998, sem barst skrifstofu dómstólsins 22. apríl 1998, um ráðgefandi álit á eftirfarandi spurningum vegna máls Samtaka verslunarinnar – Félags íslenskra stórkaupmanna gegn íslenska ríkinu og Lyfjaverðsnefnd:

1. a. Tekur tilskipun ráðsins nr. 89/105/EBE, einkum 2. og 3. gr., til þess tilviks, að lögbært yfirvald, sem ætlað er að samþykka hámarksverð lyfja, tekur að eigin frumkvæði ákvörðun um, að lækka heildsöluverð allra lyfseðilsskyldra lyfja, sem háð eru lagaákvæðum um heimild til markaðssetningar að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, og sem kosta meira en 3.000 íslenskar krónur um 2, 65%, í þeim tilgangi að lækka lyfjaverð til almennings til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndunum og draga úr útgjöldum ríkisins til lyfjamála?
- b. Getur slík einhliða ákvörðun lögbærs yfirvalds samrýmst tilskipun ráðsins nr. 89/105/EBE?
- c. Hefur það áhrif á svarið við spurningunni að/ef unnt er að sækja um hækkun á verði einstakra lyfja þrátt fyrir hina almennu lækkun á heildsöluverði?
2. a. Ber að skýra 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins nr. 89/105/EBE þannig að einhliða ákvörðun lögbærs yfirvalds, eins og sú sem greint er frá í spurningu 1, teljist synjun á markaðssetningu lyfs á tilteknu verði.
- b. Ef svo er, hefur það áhrif á þær kröfur sem gerðar eru til rökstuðnings fyrir ákvörðun lögbærs yfirvalds, kynningu á lagaúrræðum sem heildsali getur nýtt sér og fresti sem hann hefur að/ef unnt er að sækja um hækkun á verði einstakra lyfja þrátt fyrir hina almennu lækkun á heildsöluverði?

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1306 – Berkshire Hathaway/General Re)

98/EES/35/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. ágúst 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Berkshire Hathaway öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir fyrirtækinu General Re Corporation með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Berkshire Hathaway: eignarhaldsfélag sem á dótturfélög með starfsemi einkum á sviði trygginga og endurtrygginga,
 - General Re Corporation: eignarhaldsfélag fyrir alhliða endurtryggingastarfsemi og áhættustjórnun sem henni tengist.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 269, 28. 8. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1306 – Berkshire Hathaway/General Re, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1221 – Rewe/Meinl)**

98/EES/35/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. ágúst 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Rewe Internationale Beteiligungs Gesellschaft, mbH, Köln, sem er stjórnað af Rewe-samstæðunni (Rewe), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Julius Meinl AG, Vín (Meinl) með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Rewe: verslun, einkum smásala með matvæli,
 - Meinl: verslun, einkum smásala með matvæli í Austurríki.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 272, 1. 9. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1221 – Rewe/Meinl, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1262 – Cebeco/Plukon)****98/EES/35/07**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. ágúst 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Cebeco Handelsraad U.A. (Cebeco) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Plukon Beheer B.V. (Plukon) með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Cebeco: þróun og sala á hráefni á sviði landbúnaðar, sem og vinnsla og sala á fullnum landbúnaðarvörum,
 - Plukon: alifuglaslátrun, sem og vinnsla og sala á afurðum af alifuglum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 272, 1. 9. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1262 – Cebeco/Plukon, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1292 – Continental/ITT)****98/EES/35/08**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. ágúst 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Continental AG (Continental) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir hemla- og undirvagnadeild fyrirtækisins ITT Industries, Inc. (ITT) með kaupum á hlutum og eignum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Continental: hjólbarðar, búnaður í bíla, tæknilegar vörur,
 - ITT: hemlakerfi fyrir fólksbifreiðir.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 272, 1. 9. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1292 – Continental/ITT, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **98/EES/35/09**
(Mál nr. IV/M.1121 – Alcatel/Thomson SA – Thomson CSF)

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. 5. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1121. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **98/EES/35/10**
(Mál nr. IV/M.1139 – DLJ/FM Holdings)

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 4. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1139. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1185 – Alcatel/Thomson CSF - SCS)****98/EES/35/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. 6. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1185. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763